

ir af kærur hins opinbera í þessu máli. Allur löglegur málskostnaður, þar með talin málflytningu-laun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 10 kr. til hvors þeirra, greiddist af allmanna-fje.

Nr. 14/1887

Hið opinbera
gegn

Valgarði kaupmanni Breiðfjörð.

D ó m u r :

Eftir að tveir nafngreindir menn höfðu kært kaupmann Valgarð Breiðfjörð fyrir ólöglegar brennivinsveitingar í verzlunarbúð hans, var opinbert mál höfðað gegn honum út af kærinni, og var það dæmt í lögreglurjetti Reykjavíkur-kaupstaðar hinn 11. febrúarm. þ. á. með þeim úrslitum, að hinn kærði var sýknaður af ákæru hins opinbera í málinu, og kostnaður þess allur dæmdur á almanna-fje.

Dómi þessum hefur hlutaðeigandi amtmaður skotið til yfirdómsins.

Sönnunin fyrir broti kærða er skýrsla uppljóstarmananna, er fengin hefur verið fyrir rjetti, hvors í sínu lagi, og hefur annar þeirra staðfest skýrsluna með eiði. Skýrsla þeirra er þess efnis, að hinn 10. desember f. á. hafi þeir báðir verið staddir í búð hins kærða og horft á það, að 4 nafngreindir menn, tveir og tveir í hvort skiptið, hafi keypt þar brennivín og drukkið það þar inni; hafi búðarmaður kærða selt brennivínið og ljeð kaupendunum 1½ pela-flösku undir það, án þess þeir

heyrðu, að hann bannaði kaupendunum að drekka brennivínið þar inni; og eigi tóku uppljóstarmennirnir þá eptir því, að auglýsing um bann gegn brennivínsdrykkju í búðinni hjengi þar uppi, enda hafi verið orðið mjög skuggsýnt. En þrátt fyrir þetta verður hinn kærði þó eigi dæmdur fyrir brot það, er hann er sakadur um, með því að engin frekari sönnun fyrir því er fram komin í málinu, og skýrsla uppljóstarmanna eigi er lögfull sönnun þegar af þeirri ástæðu, að til þeirra mundu renna $\frac{2}{3}$ hlutar væntanlegrar sektar fyrir brotið, en hinn kærði á hinn bóginn hefur neitað því, að honum hafi verið kunnugt um, að tjeð brot hafi verið framið, enda hafi hann bannað og látið banna öllum að drekka vín í búð sinni, og auglýsing í þá átt hafi hann látið hanga þar; auk þessa hefur búðarmaðurinn, er seldi brennivínið, fullyrt fyrir rjetti, að hann muni hafa bannað kaupendunum að drekka það í búðinni, því að það sje föst regla hans að gjöra það, enda hafa tveir þeirra játað það fyrir rjettinum, að þeim hafi verið bannað að drekka það í búðinni, og að þeir því hafi drukkið það í dyrunum eða á tröppunni fyrir utan dyrnar, og hinir tveir hafa hvorki getað neitað því, að þeim hafi verið bannað að drekka það í búðinni, nje heldur staðhæft, að þeir hafi drukkið það þar inni, öllu heldur minnti þá, að þeir hefðu drukkið það á þrepinu fyrir utan búðardyrnar. Það brestur þannig sönnun fyrir því, að brennivín þetta hafi verið afhent í því skyni, að það væri drukkið þá þegar í búðinni, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, bæði sýknar-ákvæði hans og málskostnaðar-fyrirmæli. Málskostnaður fyrir yfirdómi greiðist úr opinberum sjóði, þar með talin mál-

flutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 8 kr. til hvors.

Rekstur málsins fyrir undirrjetti og sókn og vörn í því við yfirdóminn hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera ó-raskaður. Allur af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnaður, þar með talin málflytninglaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málflytningmannanna Hannesar Hafsteins og Guðlaugs Guðmundssonar, 8 kr. til hvors, greiðist af almanna-tje.

Nr. 25/1886

Sigfús Bjarnarson
 gegn
 Þorláki Bergsveinssyni.

D ó m u r :

Með skjali, dags. 22. febr. 1884, gaf hinn stefndi, Þorlákur bóndi Bergsveinsson, kaupmanni Eggert Gunnarssyni fullt og ótakmarkað umboð til þess, að útvega peningalán fyrir hans (Þorláks) hönd svo mikið sem fengist gegn fyrsta veðrjetti í eignarjörðum hans, 3 hndr. að fornu mati í Melum og 2 hndr. og 30 al. að fornu mati í Hafnareyjum, og jafnframt til þess fyrir hans hönd að útgefa og undirskrifa veðskuldabryf fyrir peningaláninu. Með veðskuldabryfi, útgefnu 22. marzmán. næst á eptir, veðsetti síðan Eggert Gunnarsson Stefáni sýslumanni Bjarnarsyni tjeðar fasteignir, auk annara fleiri jarða, til tryggingar fyrir 2,500 kr., er hann játar